

bænda
FERÐIR

AÐVENTUTÖFRAR Í TÍRÓL



25. – 30. nóvember 2022
Fararstjórn: Inga Ragnarsdóttir

Aðventuferð
Austurríki | Þýskaland | Ítalía

Ferðalýsing

Í faðmi fjallanna er einstakt að vera á aðventunni og Tíról í Austurríki er alger ævintýraheimur. Við hefjum ferðina í heimsborginni München á aðaljólamarkaði borgarinnar áður en haldið er áfram til **Seefeld**, yndislegs bæjar í fjöllum Austurríkis. Bærinn hvílir í sal Wetterstein-, Mieminger- og Karwendel fjalla og verður hann okkar dvalarstaður í þessari aðventuferð. Farið verður til hinnar einstaklega heillandi alpaborgar **Innsbruck** sem er á sama tíma lífleg, alþjóðleg og aðlaðandi. Kristalsheimur **Swarovski** í Wattens verður skoðaður en hann er í sérstökum jólabúningi á þessum árstíma. Við heimsækjum miðaldaborgina **Brixen**, elstu borg Tíróls á Norður-Ítalíu, þar sem finna má stórfenglegan barokkarkitektúr við rætur töfrandi Alpanna. Eins heimsækjum við borgina **Kufstein**, upplifum einstakan jólamarkað þar og förum í miðaldakastalann sem gnæfir yfir borginni með sínu heimsfræga útiorgeli. Hér er á ferðinni einstök ferð um yndislegt svæði sem skartar sínu fegursta á aðventunni.

6 dagar | 5 nætur í Seefeld



25. nóvember | Flug til München & Seefeld

Brottför frá Keflavík kl. 7:20. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 3 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 12:05 að staðartíma. Við öikum inn í miðborg München og heimsækjum stærsta og gamalgrónasta jólamarkað borgarinnar, Christkindlmarkt á Marienplatz torginu. Eitt helsta kennileiti borgarinnar er gotneska dómkirkjan Marienkirche sem stendur einmitt á þessu torgi. Þar er einnig eitt fallegasta ráðhús landsins, en úr turni ráðhússins hljómar fagurt klukkaspil tvisvar sinnum á dag. Góður tími gefst til að fá sér hressingu og upplifa ljósum prýdda aðventuna. Síðar verður ekið til Tíról í Austurríki eða nánar tiltekið til Seefeld sem er í 1180 m hæð. Þetta er yndislegur bær inn á milli fjallanna og við gistum fimm nætur á góðu hóteli í miðbænum.

26. nóvember | Aðventumarkaður & huggulegur dagur í Seefeld

Í dag höfum við það notalegt í fjalladýrðinni í yndislega bænum Seefeld. Áður fyrr var þetta mikið vatnasvæði eins og nafn bæjarins ber með sér. Þennan dag er aðventumarkaður í bænum, lifandi tónlist og mikið um dýrðir. Hér er margt hægt að gera, t.d. fara með hestvagni í rómantíska ferð um nágrennið eða ganga hringinn í kringum vatnið eftir góðum göngustíg. Mögulegt er að fara upp á Rosshütte fjallið með kláfi sem fer upp í 1784 m hæð. Þarna uppi er gott veitingahús og upplagt að fá sér kaffi og tertusneið.



27. nóvember | Aðventudýrð í Swarovski & Innsbruck

Við hefjum daginn á að aka til Wattens þar sem Swarovski kristalssafnið er til húsa, en þar glitrar á ýmis djásn. Áfram höldum við til Innsbruck, höfuðborgar Tíról, sem er umvafin fjöllum og tindrandi náttúruvegurð. Innsbruck var ein af borgum Habsborgaranna, einnar mikilvægustu valdaættar Evrópu. Blómatími hennar var á 15. öld undir stjórn Maximilian I. af Habsborg. Hann lét byggja helsta kennileiti borgarinnar, húsið með gullpakinu, sem stendur við eitt fallegasta torgið í Tíról. Farið verður í stutta göngu með fararstjóranum en eftir það verður frjáls tími til að kanna borgina á eigin vegum og ylja sér á heitu Glühwein á aðventumarkaði borgarinnar. Borgin er sérstaklega ævintýrleg á aðventunni því borgarbúar nota gjarnan Grimmsævintýrin sem þema í skreytingunum. Tilvalið er að líta inn til kaupmanna í Maria-Theresien götunni en þar er einnig mikil jólastemning.



28. nóvember | Brixen eða Bressanone í Suður-Tíról á Ítalíu

Á dagskrá okkar í dag er bærinn Brixen eða Bressanone í Suður-Tíról á Ítalíu. Í þessum 20 þúsund manna snotra bæ mætast borg og fjall, menning og náttúra en þessi árstími er töfrandi og stemning jólamarkaðarins hefur heillað margan manninn. Mikilfenglegt torg leiðir inn í fallegan miðaldakjarna elsta hluta bæjarins og þröngir stígar liðast með fram ánni Eisack (Isarco). Farið verður í skemmtilega gönguferð um þennan fallega miðaldabæ þar sem bæði er að sjá stórfenglega dómkirkjuna, aðalkennileiti Brixen og Hofburg, fyrrum aðsetur biskupa Bolzano-Brixen. Góður tími gefst til að fá sér hressingu og kanna líf borgarbúa.



29. nóvember | Kufstein & kastalinn



Bærinn Kufstein er sérlega spennandi bær og státar bæði af fallegum jólamarkaði í almenningsgarði borgarinnar og einnig við miðaldakastalann Kufstein sem trónir yfir borginni. Kastalinn er frægur fyrir tilkomumikið útiorgel, svokallað hetjuorgel, en á hverjum degi í hádeginu er leikið á orgelið til minningar um þá sem féllu í heimsstyrjöldunum tveimur og óma orgelhljóðmarnir frá turni kastalans og endurkastast í þverhníptum fjöllum í

kring. Mögulegt er að fara í skoðunarferð um kastalann og hverfa um hríð aftur í aldir. Í kastalagarðinum má svo sjá skapandi handverk sem unnið er að á aðventunni.

30. nóvember | Heimferð frá München

Nú er komið að heimferð eftir ljúfa ferð. Eftir morgunverð verður ekið til München. Brottför þaðan kl. 13:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.

Verð

199.900 kr. á mann í tvíbýli | 14.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Allir drykkir á bar hótelsins og með kvöldverði frá kl. 7:30-22:30.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Swarovski heimar ca € 19.
- ✓ Kufstein kastalinn ca € 10.

